

*Alþingi
Erindi nr. P 132/1368
komudagur 20.3.2006.*

Nefndasvið Alþingis (Allsherjarnefnd)
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2006.


umsögn


**um frumvarp til laga
um breytingu á lögum nr. 24 16. maí 2000, um
kosningu til Alþingis, með síðari breytingum.**

Markmið og tilgangur frumvarpsins er að tryggja þeim kjósendum, sem sakir sjónleysis eða hreyfihömlunar eru ófærir um að kjósa upp á eigin spýtur, rétt til að nýta borgaraleg réttindi sín á kjördag til jafns við aðra kjósendur. Með frumvarpinu er þeim er þess óska heimilt að kveða sér til liðsinnis þá einstaklinga (maka, börn eða aðra nákomna) sem þeir óska

Stjórn Landssambands eldri borgara hefur fjallað um frumvarpið á fundi sínum 17. mars 2006 og lýsir yfir fullum stuðningi sínum við frumvarpið. Það er í anda nútíma viðhorfa að draga úr áhrifum fötlunar fólks á möguleika þess til að standa jafnfætis við aðra í samfélagi okkar. Stjórn LEB fagnar því sérstaklega þessu framtaki flutningsmanna frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Ólafur Ólafsson, formaður LEB


Borgþór S. Kjærnested, framkv.stj.LEB